Kjarvalsstaðir:

September/Septem

Á laugardag kl. 16.00 verður opnuð að Kjarvalsstöðum yfirlitssýning sem ber yfirskriftina September/Septem. Þar gefur að líta úrval verka frá September-sýningunum 1947–1952 og Septem-sýningunum 1974–1990.

Haustið 1947 efndu tíu listamenn til sýningar í Reykjavík sem bar heitið September-sýning og dró nafn sitt af þeim mánuði þegar hún var opnuð. Í inngangi í sýningarskrá var þeirri skoðun andmælt að listin ætti að líkja eftir veruleikanum heldur ætti að skapa listaverk, nýjan, sjálfstæðan veruleika. Efnið, sagan, fyrirmyndin eru eitt, listaverkið annað, segir ennfremur í ávarpi hópsins.

Í þessum hópi listamanna voru annars vegar þeir sem komu heim frá námi í Bandaríkjunum í lok stríðsins, Jóhannes Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson, Kristján Davíðsson, Valtýr Pétursson og hins vegar listamenn, sem fram komu í íslenskri myndlist á fjórða áratugnum: Þorvaldur Skúlason, Sigurjón Ólafsson, Nína Tryggvadóttir, Snorri Arinbjarnar og Gunnlaugur Scheving auk þess sýndi Tove Ólafsson, eiginkona Sigurjóns.

Slík hópmyndun var nýlunda í íslenskri list og nánari tildrög þess að efnt var til sýningarinnar var að þá listamenn, sem komu heim í lok stríðsins, skorti vettvang til að sýna verk sín. Enginn þeirra var meðlimur í félagi íslenskra myndlistarmanna og áttu þeir því í raun litla möguleika á að sýna á sýningum félagsins. Ennfremur var það að Þorvaldur, Sigurjón, Snorri, Gunnlaugur og Nína áttu í raun mun meira sameiginlegt með þessum ungu mönnum en þeim sem voru ráðandi í Félagi íslenskra myndlistarmanna.

September-sýninguna má þess vegna skoða sem beina afleiðingu þeirra andstæðna sem komnar voru upp í íslenskri myndlist milli þeirra sem gerðu þá kröfu að listin skyldi gera mynd af veruleikanum samkvæmt klassískri hefð um rökrétta heild milli tíma, myndrýmis og allra einstakra þátta myndefnisins og þeirra skoðunar, sem var öðru fremur grundvöllur September-hópsins, að listamaðurinn ætti að skapa list sem væri nýr veruleiki sem notið yrði á eigin forsendum og hefði sín sérstöku lögmál.

Þessi skoðun var öðru fremur samnefnari hópsins því þar fyrir utan var um að ræða listamenn sem voru ólíkir um margt.

Sýningarhópurinn Septem var stofnaður árið 1974 og voru félagarnir margir þeir sömu og höfðu tekið þátt í September-sýningunum eins og Þorvaldur Skúlason, Valtýr Pétursson, Kristján Davíðssson, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Guðmunda Andrésdóttir auk Sigurjóns Ólafssonar, sem kaus að sýna sem gestur. Auk þess var Steinþór Sigurðsson meðlimur í hópnun, en hann hafði frá því um 1960 lagt stund á abstraktmyndir í ljóðrænum stíl.



Steinþór Sigurðsson og Jóhannes Jóhannesson eru meðal þeirra listamanna sem eiga verk á yfirlitssýningunni September/Septem.



Fjölþjóðlegur kvartett leikur í Duushúsi á sunnudagskvöld.

Heiti potturinn:

Íslenskur djass og suður-amerísk tónlist

Á sunnudagskvöld mun fjölþjóðlegur kvartett franska bandeoneónleikarans Olivier Manoury halda tónleika í Heita pottinum í Duushúsi við Fischersund.

Olivier Manoury hefur um langt árabil leikið argentínskan tangó vítt og breitt um Evrópu og einnig í Buenos Aires, en er búsettur í París. Þótt hann sé þekktastur sem tangóleikari á bandeoneón, sem er nokkurs konar harmóníka, hefur hann einnig spilað djasstónlist og á sunnudagskvöldið verður leikin blanda af djassi og suður-ameríkskri tónlist. Kvartettinn mun spila lög eftir þá Olivier Manoury, Tómas R. Einarsson og úrugvæska píanóleikarann Enrique Pascual.

Með Olivier Manoury spila kontrabassaleikarinn Tómas R. Einarsson, hinn hollenski en hér búandi Marteen van der Valk á trommur og kóngatrommur og píanóleikarinn Kjartan Valdemarsson.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.30.

Norræna húsið:


Fyrirlestrar um málefni Finnlands-Svía

Fulltrúar frá landsmálaþingi Finnlands-Svía eru í heimsókn í Reykjavík þessa dagana. Gestirnir eru Jan Rosqvist og Ralf Nordgren, varaforsetar þingsins, Christian Brandt ritari og Dag Lindberg vararitari. Rosqvist starfar hjá heilbrigðisstofnuninni Folkhälsan, Nordgren er rithöfundur og lektor, Brandt er þingmaður og skrifstofustjóri þingsins og Lindberg starfar aðallega að byggða- og menntamálum.

Með heimsókninni vilja fulltrúarnir stuðla að betri kynnum og samskiptum við Íslendinga og kynna málefni og stöðu Finnlands-Svía. Þeir munu m.a. hitta Guðrúnu Helgadóttur, forseta Sameinaðs Alþingis, og heimsækja menntamálaráðuneytið.

Á sunnudag verður síðan dagskrá í Norræna húsinu þar sem fluttir verða stuttir fyrirlestrar um málefni Finnlands-Svía. Fjallað verður um störf og verkefni landsmálaþingsins og sagt frá ýmsum staðreyndum varðandi Finnlands-Svía. Auk þess flytur Ralf Nordgren frumsamin ljóð og ljóð eftir aðra höfunda. Tónlist verður flutt og sýnd verður kvikmynd.

Landsmálaþingið hefur starfað frá árinu 1919 og það gætir hagsmuna sænskumælandi íbúa Finnlands en þeir eru um þrjú hundruð þúsund. Þingið kemur saman árlega. Þingmenn eru 75 frá sex stjórnmálaflokkum. Stærsti flokkurinn er Sænski þjóðarflokkurinn en Sænski sósíaldemókrataflokkurinn fylgir fast á eftir.



Fluttir verða stuttir fyrirlestrar um málefni Finnlands-Svía.